

Starfsstöð	Heimilisfang	Viðstaddir
FE-1105 Arnarlax hf. - Arnarfjörður	Strandgötu 1 465 Bíldudalur	Valdimar Bernódus Ottósson Production Coordinator

  

Tílefni	Eftirlit framkvæmt	Dagsetning skýrslu	Tímar við úttekt	Viðbótartímar	Yfirvinna
Annað	30.8.2021	6.9.2021	10,00	0,00	0,00

#### Frestur til úrbóta

Næsta reglubundna skoðun

#### Niðurstaða eftirlits

**Tílefni:** Matvælastofnun barst tilkynning frá Arnarlaxi 30.08.2021 um að gat hefði uppgötvast á nót í kví nr.11 á Haganesi í Arnarfirði.

Undirritaður fór á vettvang og fundaði með Valdimar Bernódus Ottóssyni þar sem farið var yfir atvikaýsingu og viðbrögð fyrirtækisins. Jafnframt fór undirritaður út á eldissvæðið og var viðstaddur netadrátt ásamt því að skoða eldiskvíar. Eftirlitsmaður fór fram á það að fá afrit af köfunarskýrslum og fyrirskipaði að kafað yrði í hverja kví á Haganesi, Steinanesi og í Fossfirði og athugað með stöðuna. Ekkert athugavert kom í ljós í þeirri skoðun.

**Atvikaýsing:** Þann 29. ágúst uppgötvaðist gat að stærð 2.5 x 2.5 metrar á 2. metra dýpi á kví nr.11 á Haganesi í Arnarfirði. Gatið uppgötvaðist við reglubundna nótaskoðun sem framkvæmd er á fjögurra vikna fresti. Nótin var síðast skoðuð 31. júlí 2021 og þá reyndist allt í lagi. Strax og gat uppgötvaðist var tjaldað fyrir með öryggisneti og í framhaldinu var gatinu lokað.

Ur framleiðsluskýrslum Arnarlax er hægt að sjá að fjöldi fiska í kví nr.11 var 120.743 um mánaðarmótin júlí - ágúst 2021. Meðalþyngd fisksins í kvínni var þá 730g.

Rekstraraðili segir ekki vitað hvernig þetta gat myndaðist, en það getur hafa myndast á tímabilinu 1. ágúst til 29. ágúst 2021. Samkvæmt rekstraraðila er ekki vitað um neitt óhapp og að ekki hafi verið neinar aðgerðir í gangi í kringum kví nr. 11.

Viðbragðsáætlun var fylgt, Fiskistofu, Matvælastofnun og sveitarfélögum var gert viðvart strax og net sett út í samráði við Fiskistofu. 30.ágúst veiddust tveir fiskar sem við sjóngreiningu gætu hafa verið sjóbirtingar eða Salmo trutta. 31. ágúst veiddist lax sem var um 2 kg að stærð. Til að taka af allan vafa um uppruna þessara veiddu fiska voru þeir sendir til Hafrannsóknarstofnunar til greiningar. Matvælastofnun fer fram á DNA greiningu svo rekja megi uppruna fiskana komi í ljós að um eldisfisk hafi verið að ræða.

**Niðurstaða:** Fyrirtækið fylgdi viðbragðsáætlun vegna stroks og brást við á viðunandi hátt skv. reglugerð.

Fyrirtækið uppfyllti tilkynningaskyldu sína með því að upplýsa Matvælastofnun, Fiskistofu og sveitarfélög um atvikið. Ekki er hægt að útiloka að fiskur hafi strokið en mögulegt verður að dæma til um það og þá áætlaðan fjölda þegar slátrun lýkur úr kvínni. Hægt er að sjá í framleiðsluskýrslum fyrirtækisins að fiskur hafi verið fluttur úr kví nr.12 yfir í kvíar nr. 11 og 13 í júlí. Við eftirgrennslan Matvælastofnunar kom í ljós að fiskurinn var fluttur úr kví nr. 12 í kvíar nr. 11 og 13 þann 6. júlí með skipinu Ronja Carrier. Við flutningana var einning notaður hraðbátur af Polargerð sem heitir Tjaldur. Ronja Carrier lagðist að kví nr. 11 þeim megin sem gatið uppgötvaðist. Fyrirtækið Sjóttækni gerði skoðun á nótapokum á Haganesi 31.júlí 2021. Í skýrslu frá fyrirtækinu kemur fram að ekkert athugavert hafi verið við nótina í kví nr. 11 eftir þessa skoðun. Við nánari eftirgrennslan fékk Matvælastofnun verklag við skoðun nótar í kví nr. 11 frá Sjóttækni. Nótin var skoðuð með fjarstýrðum kafbát af gerðinni Stealth. Hann var búinn fimm myndavélum þar sem þrjár snúa fram og tvær aftur. Kapall kafbátsins var settur í kvínnu þannig að hann lá niður með vegg nótarinnar og niður á botn. Við upphaf skoðunar var byrjað efst og keyrt í hring og til baka og unnið niður með nótinni. Notast var við dýptarmæli og sjóndýpi og hver fermetri nótarinnar skoðaður. Sama verklag var viðhaft við skoðun á kví. nr. 11 þegar gat uppgötvaðist.

Vakin skal athygli á að skv. 1. mgr. 26. gr. stjórnsýslulaga, er þér heimilt að kæra ákvörðun þessa til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Jafnframt skal athygli vakin á 1. mgr. 27. gr. laganna, þar sem segir að stjórnsýslukæra skuli borin fram innan

þriggja mánaða frá því að aðila var tilkynnt um stjórnvaldsákvörðun.“

## Starfsstöð

Arnarlax hf. - Arnarfjörður  
Strandgötu 1  
465 Bíldudalur  
Staða: Í gildi  
Kennitala: 5803100600

## Starfsemi

Frumframleiðsla - Þáttur VI - AE - Áframeldi - 1

## Tengiliðir

Silja Baldvinsdóttir	6167815	silja@arnarlax.is	Gæðastjóri
Arnarlax ehf.	004795820104	ron@arnarlax.is	Rolf (Yfirmaður sjódeildar)
Valdimar Bernóðus Ottósson	4140628	valdimar@arnarlax.is	Production Coordinator
Hjörtur Methúsalemsson	8667803	hjortur@arnarlax.is	Verkefnastjóri
Jón Garðar Jörundsson	8565330	jongardar@arnarlax.is	Verkefnastjóri

---

Karl Steinar Óskarsson  
karl.oskarsson@mast.is  
Sérfræðingur  
4504800

## Lagagrunnur eftirlits

Eftirlit með fiskeldi er samkvæmt lögum nr. 71/2008 um fiskeldi. Löggjöfin fjallar um eftirlit og leyfisveitingar rekstrarleyfa til fiskeldis. Nánari ákvæði hafa verið sett fram í reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi.

Markmið laga um fiskeldi er að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Skal í því skyni leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna. Til að ná því markmiði skal tryggt að eldisbúnaður og framkvæmd í sjókvældi standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó.